

Ed. 545. Frumvarp til laga [259. mál]

um breytingu á lögum nr. 68 10. október 1967 um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 42 16. apríl 1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21. maí 1974, lög nr. 44 16. maí 1977, lög nr. 59 31. maí 1979 um breytingu á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Í 1. mgr. 1 tl. 5. gr. komi „0,05%“ í stað „0,5%“.

2. gr.

1. mgr. 11. gr. hljóði þannig:

Upphæð lána má nema allt að 70 af hundraði kostnaðarverðs, enda sé það, að dómi sjóðsstjórnarinnar, ekki hærra en eðlilegt má teljast, samkvæmt verðlagi á hverjum tíma.

3. gr.

14. gr. hljóði þannig:

Lánstími má eigi vera lengri en 25 ár. Lán til vélakaupa skulu þó ekki vera lengri en til 10 ára, nema sérstakar ástæður mæli með og örugg trygging fyrir hendi, að mati sjóðsstjórnar. Stjórn Iðnlánasjóðs ákveður að öðru leyti lánskjör með þeirri undantekningu þó er greinir í 15. gr.

4. gr.

7. og 8. gr. laganna falli niður. Töluröð greina breytist í samræmi við það.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Álagning iðnlánasjóðsgjalds samkvæmt 1. gr. skal koma til framkvæmda á árinu 1983 á gjaldstofn ársins 1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta til laga um breytingar á lögum um Iðnlánasjóð er flutt að beiðni Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna. Felur það í sér þrennskonar meginbreytingar á núgildandi lögum um Iðnlánasjóð, sem að stofni til eru frá árinu 1935. Í fyrsta lagi er lagt til, að iðnlánasjóðsgjaldið, sem iðnaðarfyrirtækin hafa greitt til sjóðsins frá 1963, verði lækkað verulega frá því sem það er nú. Í öðru lagi, að lánskjör önnur en vextir, svo sem lánstími og lánahlutfall verði rýmkuð verulega. Og í þriðja lagi, að ákvæði laganna um sérstaka veiðarfæradeild verði felld niður.

Ríkisstjórnin féllst á þá beiðni samtaka iðnaðarins að flytja frumvarp í þessa veru og er samþykkt þeim sjónarmiðum og rökum, sem að baki liggja.

Augljóst er hins vegar, að samhliða þessum lagabreytingum, sem mundu verulega bæta rekstursskilyrði iðnaðarins í landinu, þarf með virkum stjórnvaldsaðgerðum að tryggja að-

gang Iðnlánasjóðs að lánsfé, svo að sjóðurinn geti gegnt hlutverki sínu í framtíðinni. Lækkun tekna sjóðsins af iðnlánasjóðsgjaldi og af framlagi ríkissjóðs jafnframt hækkuðu lánahlutfalli og lengingu lánstíma, mundi veikja möguleika sjóðsins, ef ekki væri hægt að tryggja honum aðgang að lánsfé, sem dygði til að gera framangreindar breytingar mögulegar. Með þau stefnumið í huga er lagt til að gera þessar breytingar.

Önnur skilyrði eru fyrir hendi. Með markvissum aðgerðum hefur tekist að varðveita höfuðstól Iðnlánasjóðs á verðbólguárum og hann er nú það öflugur, að með verðtryggðum útlánnum þarf ekki að ganga á hann. Eigið fé Iðnlánasjóðs nam 137 millj. kr. 31. desember 1981.

Það er mikið hagsmunamál iðnfyrirtækja í landinu að eiga kost á herra láns hlutfalli út á fjárfestingar sínar en verið hefur, svo og lengri lánstíma á stofnlánnum sínum og stórfelldri lækkun iðnlánasjóðsgjalds. Þess vegna er frumvarp þetta flutt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með lögum um Iðnlánasjóð nr. 45/1963 var ákveðið að til sjóðsins rynni sérstakt iðnlánasjóðsgjald, sem lagt skyldi á öll iðnfyrirtæki, að undanskildum kjöt- og fiskiðnaði. Gjald þetta nemur nú 0,5% af aðstöðugjaldsstofni fyrirtækjanna. Árið 1981 námu tekjur sjóðsins af þessu gjaldi 12.3 mkr. Á því leikur enginn vafi, að iðnlánasjóðsgjaldið hefur frá upphafi átt drjúgan þátt í því að efla lánagetu sjóðsins og varðveita höfuðstól hans á verðbólgu tímum. Þar sem öll útlán sjóðsins eru nú verðtryggð, þykir rétt og tímabært að lækka iðnlánasjóðsgjaldið verulega, sem mundi valda umtalsverðri lækkun kostnaðar í iðnaði.

Hér er lagt til að gjaldið verði 0,05% af aðstöðugjaldsstofni og er því lækkun gjaldsins 90%.

Gert er ráð fyrir að enn um sinn verði veitt af fjárlögum nokkru fé til sjóðsins, sem og til annarra stofnfjár sjóða atvinnuveganna. Meðan svo er þykir eðlilegt að fyrirtækin leggi áfram sjálf fram nokkurn skref. Því er ekki gerð tillaga um það nú að iðnlánasjóðsgjaldið falli niður að öllu leyti. Í nágildandi lögum um Iðnlánasjóð er gert ráð fyrir framlagi ríkissjóðs að fjárhæð 50 milljónum gamalla króna. Það svarar til 500 þús. kr., sem eru í fjárlögum 1982. Ekki er hér lagt til að þessu ákvæði sé breytt.

Um 2. gr.

Í nágildandi lögum um Iðnlánasjóð er hámark lána sextíu af hundraði kostnaðarverðs. Með hliðsjón af breyttum aðstæðum frá því þetta ákvæði var upp tekið 1963, er nú talið eðlilegt að hlutfallið hækki í 70%. Væri þá láns hlutfallið sambærilegt við það sem gerist hjá Iðnþróunarsjóði.

Um 3. gr.

Í nágildandi lögum er kveðið á um að lánstími megi eigi vera lengri en 15 ár. Hámarks lánstími þessi var ákveðinn fyrst 1963 og var þá í samræmi við það sem þótti hagkvæmt og eðlilegt á þeim tíma. Miðað við þær breytingar sem orðið hafa almennt á lánskjörum á síðustu misserum með tilkomu fullrar verðtryggingar á lánnum, þykir eðlilegt að leggja til, að lánstími sé lengdur, m. a. til að létta greiðslubyrði lántaka. Af ofangreindum ástæðum er lagt til að hámarkstími verði miðaður við 25 ár.

Einnig er með þessari tillögu gert ráð fyrir að stjórn sjóðsins hafi frjáltsari hendur en nú er um ákvörðun lánskjara, annarra en vaxta. Er það í samræmi við tilkomu verðtryggingar og nauðsyn þess að geta haft sveigjanlegri endurgreiðslur á lánnum en unnt er samkvæmt nágildandi lögum.

Um 4. gr.

Hér er gerð lagfæring á gildandi lögum. Lagt er til að 7. og 8. greinar laganna verði felldar niður, en þær fjalla um sérstaka veiðarfæradeild við sjóðinn. Sú deild byggðist á sérstöku gjaldi, sem innheimt var af innfluttum veiðarfærum, en sú gjaldtaka var felld niður fyrir nokkrum árum. Hafa þessar greinar í lögum um sjóðinn því ekki raunhæfan tilgang lengur.

Um 5. gr.

Þessi grein skýrir sig sjálf.

Um Ákvæði til bráðabirgða.

Hér er gert ráð fyrir að lækkun iðnlánasjóðsgjaldsins taki gildi frá og með árinu 1983, enda þarf slík breyting nokkurn undirbúning. Er þá sérstaklega haft í huga, að taka þarf tillit til þessarar breytingar við gerð lánsfjáráætlunar fyrir árið 1983. Mikilvægt er að svo verði um hnúta búið, að lækkun gjaldsins leiði ekki til vaxtahækkunar hjá Iðnlánasjóði né skerðingar á útlánagetu.